

**AUGLÝSING****um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprilmánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprilmánuði 1991 verið ákvæðið sem hér segir:

- |  |                |
|--|----------------|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir:  | Innborgun 5,0% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 5,0% |
| 3. Afurðir hörpuðiskdeildar:                     | Innborgun 1,0% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1991.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Jón B. Jónasson.*

22. mars 1991

**REGLUGERÐ**

Nr. 137

**um breytingar á reglugerð nr. 162, 4. apríl 1990, um námskeið fyrir löggilta vigtarmenn.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig: Fram til 1. október 1991 er Löggildingarstofunni heimilt að veita starfandi löggiltum vigtarmönnum undanþágu til þess að starfa sem slíkir hafi þeir eigi átt þess kost að komast á námskeið í samræmi við framangreind ákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 60, 3. nóvember 1915 um löggilta vigtarmenn til þess að öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 22. mars 1991.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*

22. mars 1991

**AUGLÝSING**

Nr. 138

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi 1. apríl 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 518, 20. desember 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 2,7%

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 505, 21. desember 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 2,7%

*Iðnaðarráðuneytið, 22. mars 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*